



Nafn: _____ Dags.: _____

1. Hvaða leikir finnst þér skemmtilegastir? _____

2. Hvað gerir þú venjulega eftir skóla og um helgar? _____

3. Hver eru uppáhaldsdýrin þín? Áttu gæludýr eða húsdýr? _____

4. Stundar þú einhverjar íþróttir? _____

5. Safnar þú einhverju? _____



6. Ertu í einhverjum félögum? Hvað heita þau? _____

7. Hefur þú lært á eitthvert hljóðfæri? _____

8. Hvert hefur þú ferðast? _____

9. Hvað vilt þú starfa þegar þú verður stór? _____

10. Hvaða efni finnst þér skemmtilegast í sjónvarpinu? _____

11. Hver er eftirlætisbókin þín? _____

12. Hvaða efni vilt þú helst lesa um? _____

13. Annað sem þér dettur í hug? _____



Viðtalseyðublað fyrir 6.–10. bekk

Nafn: _____ Dags: _____

Ég þarf að koma í viðtal með _____ sem er um

- Ég hef farið í gegnum gátlistann „Að lesa yfir eigin texta“ og látið vin minn fylla út „Athugunarblað“.
- Ég hef gert allar þær breytingar sem nauðsynlegar eru

_____ fór með mér yfir textann.

Að hans/hennar mati var besti hlutinn _____

Það sem hann/hún skildi ekki var _____

- Ég er tilbúin(n) að koma í viðtal.



Nafn: _____ Dags: _____

Það sem ég þarf að ræða um: _____



Nafn: _____

Dags: _____

- Sýnir áhuga á að rita.
- Vinnur í sætinu sínu og virðir sessunauta.
- Getur náð í skriffærin og byrjað að rita.
Getur valið efni til að skrifa um.
- Notar myndir eða talar til að skýra út hugsanir/hugmyndir.
- Er fús til að „finna upp“ stafsetningu á erfiðum orðum.
- Hefur náð valdi á vinnu vinstri – hægri, upp – niður.
- Hefur bil milli orða.
- Gerir tilraunir til að nota greinarmerki.
- Sýnir merki um hugmyndaflug í frásögn.
- Les eingöngu skrifuðu orðin þegar lesið er upphátt.

A) alltaf O) oft S) sjaldan



Nafn: _____ Dags: _____

- Er viljug(ur) að rita
- Velur efni sjálf(ur).
- Getur safnað upplýsingum.
- Getur skrifað uppkast.
- Getur endurskoðað og umritað.
- Gefur nægar upplýsingar.
- Tjáir sig skýrt.
- Tímaröð atburða eðlileg.
- Upphaf vekur áhuga.
- Lok eru áhrifarík eða eðlileg.
- Er að auka orðaforða.
- Byggir setningar upp rétt.
- Notfærir sér greinaskil.
- Notar greinarmerki rétt.
- Sýnir framfarir í stafsetningu.

A) alltaf O) oft S) sjaldan



Nemandi: _____ Dags: _____

Titill: _____

UNDIRBÚNINGUR

- 1. Getur oftast rætt um það verkefni sem unnið er að.
- 2. Er jákvæð(ur) þegar ritun á að fara fram.
- 3. Er tilbúin(n) að koma í viðtöl eða leitar aðstoðar ef hann/hún þarf á að halda.
- 4. Ritar án þess að þurfa hvatningu eða leiðbeiningu.

Hvaða vísbendingar eru um frumkvæði nemandans í ritun? _____

UPPKAST

- 5. Lýkur uppkasti.
- 6. Notar orð sem hann/hún getur ekki stafsett.
- 7. Kemur í viðtöl á meðan uppkastsvinnu stendur.
- 8. Hugsar til baka í uppkastinu (efninu).
- 9. Virðist í flestum tilvikum rita í einhverjum tilgangi, þ.e. fyrir áheyrendur og/eða útgáfu.

Hvers konar frumkvæði sýnir nemandinn á fyrstu stigum ritunarferlis? _____



ENDURSKOÐUN, UMRITUN

- 10. Leggur mat á eigin ritun.
- 11. Vill að aðrir leggi mat á ritverkin.
- 12. Er tilbúin(n) að endurskoða og umrita eigin ritun.
- 13. Leggur sig fram við lokavinnu í stafsetningu.
- 14. Skoðar vel atriði sem athugasemdir hafa verið gerðar við og vinnur að lagfæringum.
- 15. Skilur að hægt er að lagfæra ritunina ef hann/hún breytir eigin viðhorfum og markmiðum.
- 16. Leitir upplýsinga, staðreynda og álits til að styrkja eigin ritun.

Reynir hann/hún að bæta orðaforða sinn, ritstíl og hugmyndir?

BIRTING

- 17. Birtir ritverk öðru hvoru.
- 18. Er hreykin(n) af birtu verki.
- 19. Er skilningsrík(ur) gagnvart ritun annarra.
- 20. Les eigin ritverk og annarra.
- 21. Stafsetning, skrift og frágangur er fullnægjandi í lokaútgáfu.

Hvaða jákvæðar breytingar hafa átt sér stað milli uppkasts og útgáfu?

Er ritun nemenda í þróun? Hvað gerir nemandinn við ritverkið?

Er ritverkið lesið og hver les það?



Þessar skammstafanir getur kennarinn skráð í dagbókina á meðan eða á eftir viðtöl við nemendur.

Stafsetning – málfar

st/l:	stór stafur/lítill stafur.
ng/nk:	reglan.
x/xx:	einfaldur/tvöfaldur samhljóði.
p:	punktur og kommur yfir stöfum.
hv/kv:	reglan.
n/nn:	reglur.
i/y:	reglur/notkun.
gm:	greinarmerki (setningar of langar)
hlj:	hljóðvillur.
b:	beygingarvillur.
tíð:	notar ekki sömu tíð í sögunni.
þgf:	þágufallssýki.
orð:	notar of mikið sömu orð.
mál:	óviðeigandi orðaval/rangt málfar.

Uppbygging/efnistök

B:	athuga byrjun
E:	athuga endi
N:	athuga nafn.
Per.:	athuga sögumann.
E +/-:	efnisval.
V +/-:	árangursmikið/árangurslítið viðtal.
SOS :	hjálp – strandaður.
Ú:	tilbúin(n) í útgáfu.
S:	fara yfir stafsetningu.
U:	upptalningarfrásögn.
SAM:	athuga samtöl
UPP+/-:	of mikið/lítið af upplýsingum
ET:	efnistök.
H:	hópviðtal.



Að fara yfir eigin texta

Koma fram nægar upplýsingar?

- Kemur fram í textanum hvað gerðist, hvar, hvenær og hvernig?
- Hef ég útskýrt hvað ég meina? Er ef til vill einhver hluti sem gæti ruglað lesandann?
- Hef ég lýst umhverfinu og fólkinu það vel að lesandinn geti í huganum upplifað söguna? (Getur hann séð fyrir sér atburðinn og umhverfið?).
- Nota ég beina ræðu? Hef ég sett gæsalappir utan um þess konar setningar? Dæmi: „Heyrðu! Ætlar þú að drepa okkur öll með svona glannaakstri,” sagði ökukennarinn byrstur við Halldór.
- Vantar atriði inni í frásögnina svo að lesandinn skilji hana eða geri ég ráð fyrir því að lesandinn viti meira en hann í raun veit? Nota ég dæmi til að skýra út hvað ég meina?
- Hver er mest spennandi eða áhugaverðasti hlutinn í textanum? Hvernig get ég notfært mér þennan hluta til að styrkja söguna ?

Er of mikið af upplýsingum?

- Er einhver hluti óþarfur? Get ég strikað eitthvað út?
- Um hvað er þessi frásögn? Eru hlutar í frásögninni sem fjalla um eitthvað annað?
- Fjallar frásögnin um fleira en eitt efni? Hvaða efni ætla ég raunverulega að fjalla um?
- Er þetta „upptalningarfrásögn?“ Get ég brotið upp frásögnina og lýst aðalatriðunum betur?
- Er of mikið af samtölum í frásögninni?
- Eru of mörg smáatriði sem skipta í raun litlu máli?
- Hef ég skýrt of mikið út? Er ég að reyna að útskýra sjálfsgöð atriði?

Hvernig get ég lagfært byrjunina hjá mér?

- Vekur byrjunin áhuga lesandans á sögunni?
- Fær lesandinn hugmynd um inntak frásagnar strax í inngangi?



Að fara yfir eigin texta

Hvernig get ég lagfært endinn hjá mér?

- Vekur endirinn upp vangaveltur hjá lesandanum?
- Hvernig vil ég að lesandanum líði eftir lesturinn? Mun lesandanum líða þannig eftir þennan endi?
- Hvað vil ég að lesandinn viti að loknum lestri? Fær hann þær upplýsingar í þessum endi?
- Er endirinn endaleysa?

Hvað með nafn frásagnar?

- Passar nafnið við efni frásagnar?
- Er nafnið áhugavekjandi? Vill lesandinn lesa áfram þegar hann les nafnið?

Hvernig eru málotkun og stílbrigði í frásögninni?

- Hef ég sagt eitthvað oftar en einu sinni?
- Hef ég notað sum orð of oft (eins og: sagði, og, síðan, og svo)?
- Eru einhverjar setningar of langar (lengri en 10 orð)?
- Nota ég greinaskil sem auðvelda lesandanum lesturinn?
- Gerðust hlutirnir í rétttri röð? Hef ég sett saman þær upplýsingar sem eiga saman?
- Er sögumaðurinn alltaf sá sami?
- Er frásögnin alltaf í sömu tíð (nútíð – þátíð)?



Efni – innihald

- Eru gefnar nægar upplýsingar í textanum eða er eitthvað sem þér finnst vanta ?
- Koma fram nauðsynlegar upplýsingar um persónurnar, hvar og hvenær atburðurinn gerðist?
- Er persónunum og umhverfinu það vel lýst að þú getir í huganum upplifað frásögnina (séð fyrir þér atburðinn og umhverfið)?
- Er frásögnin skýr eða er eitthvað sem ruglar þig?
- Er atburðarásin eðlileg?
- Finnst þér textinn vera skrifaður fyrir þig?
- Er ris í textanum (skemmtileg atburðarás með vaxandi spennu)?
- Eru í frásögninni setningar sem koma ekki frásögninni við og er því hægt að strika út?
- Er of mikið af smáatriðum í textanum þannig að söguþráðurinn týnist?
- Fjallar frásögnin um fleira en eitt efni? Væri betra að skipta textanum í fleiri en eina sögu?
- Er þetta „upptalningarfrásögn“, svipað og dagbókarfærsla (fyrst gerði ég þetta svo fór ég út og hittu hann svo fórum við og svo gerðum við þetta)?
- Eru of mörg samtöl í frásögninni?
- Er of mikið af útskýringum í frásögninni?

Upphaf – endir

- Passar nafnið við efnið og er það áhugavert?
- Grípur byrjun frásagnar lesandann?
- Fær lesandinn strax í inngangi frásagnar hugmynd um megininntak hennar?
- Er inngangur/byrjun of löng eða of stutt?
- Vekur endirinn upp vangaveltur hjá lesandanum?
- Er endirinn of stuttur eða of langur?
- Er endirinn endaleysa?



Málnotkun, stafsetning, frágangur

- Er eitthvað sagt oftar en einu sinni?
- Eru sum orð notuð of oft (t.d. sagði og síðan)?
- Er sögumaðurinn alltaf sá sami?
- Er frásögnin alltaf í sömu tíð (nútíð – þátíð)?
- Eru einhverjar setningar of langar eða of stuttar?
- Eru greinaskil notuð eðlilega?
- Er málfar frásagnarinnar rétt?
- Eru stafsetning og greinarmerki eins og reglur segja til um?
- Er myndanotkun textanum til framdráttar?
- Er frágangur og skrift í lagi?
- Vekur forsíðan forvitni og áhuga lesandans?



Að lesa yfir eigin texta

Þegar þú hefur lokið við fyrsta uppkastið áttu að:

- **LESA** Lestu uppkastið þitt upphátt og merktu við það sem þú þarft að lagfæra.
- **HLUSTA** Getur þú heyrt hvar kommur og punktar eiga að vera? Settu þá inn á réttan stað.
- **HORFA** Strikaðu yfir orð sem þú heldur að séu ekki rétt stafsett.
- **ATHUGA** Þegar þú hefur strikað yfir orðin skaltu athuga í réttitunarorðabók hvernig orðin eru skrifuð, leiðrétta þau ef þau eru ekki rétt stafsett. Þegar þú hefur lokið við þetta skaltu biðja vin þinn að lesa verkið yfir og fylla út athugunarblaðið.



Settu X í kassana þegar þú hefur lokið við hverja spurningu.

- 1. **Er allt skýrt?**
Merktu við staði sem þér finnst óljósir.
- 2. **Á að sleppa einhverju?**
Ef svo er sýndu þá höfundinum það.
- 3. **Þarf að bæta einhverju inn í?**
Ef svo er sýndu þá höfundinum það.
- 4. **Punktur og kommur?**
Athugaðu hvort greinarmerki séu rétt notuð.
- 5. **Stafsetning?**
Strikaðu yfir orð sem eru ekki rétt stafsett og leiðréttu þau.
Athugaðu allar leiðréttingar sem höfundur hefur gert.
- 6. Skrifðu nafn þitt á línuna fyrir neðan og afhentu höfundinum síðan blaðið.

Nafn sögu

Gagnrýnandi



Þegar þú ert að skrifa og þarft að nota orð sem þú veist ekki hvernig á að stafsetja.

Hvað gerir þú? _____

Hverja þekkir þú sem eru góðir í stafsetningu? _____

Hvers vegna eru þau góð í stafsetningu? _____

Heldur þú að þau eigi einhvern tímann í erfiðleikum með að stafsetja orð? _____

Ef þú þekkir einhvern sem á erfitt með stafsetningu hvernig myndir þú hjálpa þeim? _____

Hefur þér farið fram í stafsetningu? _____ Hvers vegna?/ Hvers vegna ekki?


Finnst þér erfitt/auðvelt að læra stafsetningu? _____ Hvers vegna?/Hvers vegna ekki?

Hvernig líður þér þegar kennarinn leiðréttir textann þinn? _____

Hvers vegna þarft þú að læra að stafsetja rétt? _____



Merktu við atriðin sem eru í sendibréfinu þínu og leggðu síðan mat á bréfið í verkmöppuna.



Staður og stund

Öll sendibréf hafa ákvörðunarstað sem ritaður er í þágufalli, ásamt dagsetningu. Þetta er ýmist skrifað vinstra eða hægra megin á blaðið.

Ávarp

Viðtakandi er ávarpaður með þeim orðum sem hæfa hverju sinni.

Beitubiti

Bréfitarinn beinir orðum sínum að lesandanum sjálfum. Þetta er eins konar beita til að ná athygli hans eða koma sér í mjúkinn hjá honum.

Meginmál

Aðalerindi bréfitara er tíundað. Þetta er gjarnan lengsti kafli bréfsins.

Bónarbiti

Málinu er snúið að viðtakanda. Til dæmis:

Mikið væri nú gaman að fá frá þér línu fljótlega ...

Kveðja

Viðtakandi er kvaddur með viðeigandi orðum.



Merktu við atriðin sem eru í frásögninni þinni og leggðu síðan mat á hana í verkmöppuna.

Heiti

Heiti frásagnar á að vera lýsandi fyrir innihald.

Kynning

Í kynningu kemur fram hver eða hverjir tóku þátt, hvenær gerist það sem er verið að segja frá og hvar frásögnin gerist.

Röð atburða

Þetta er gjarnan lengsti kafli og hann er ávallt skrifaður í þátið.

Persónuleg athugasemd

Sá sem segir frá kemur með persónulega athugasemd í tengslum við frásögnina:
Þessi ferð var mjög skemmtileg og ...